

SKIPULAG TORFUNEFIS

HUGMYNDASAMKEPPNI
Dómnefndarálit
Apríl 2022



Akureyrarbær



ARKITEKTAFÉLAG
ÍSLANDS

INNGANGUR FORMANNS DÓMNEFNDAR

Á síðustu árum og áratugum hafa skipulagsyfirvöld bæja og borga víða um heim gert sér sífellt betur grein fyrir því gríðarlega aðdráttarafla sem vel skipulögð hafnarsvæði með blandaðri starfsemi hafa fyrir íbúa og ferðafólk. Því hefur mikil áhersla verið lögð á faglega uppbyggingu þeirra verðmætu svæða sem liggja að hafi, sjó eða stærri fljótum.

Hlutverk hafnarsvæða hefur í tímans rás breyst frá því að vera miðstöð ýmis konar iðnaðar sem gjarnan tengist sjósókn eða flutningum á hafi, yfir í að vera blómleg miðstöð mannlífsins í hjarta borga og bæja.

Svæðið í kringum hina gömlu Torfunefsbyggju á Akureyri hefur alla burði til að verða slík miðstöð mannlífsins í bænum með beina tengingu við miðbæinn okkar og Menningarhúsið Hof. Því er afar mikilvægt að horft sé með heilstæðum hætti til framtíðar þegar kemur að uppbyggingu á þessu svæði og vandað mjög til verka.

Það var í þessum anda sem Hafnasamlag Norðurlands, Akureyrarbær og Arkitektafélag Íslands efndu í byrjun árs til opinnar hugmyndasamkeppni um skipulag Torfunefs. Meginmarkmið verkefnisins var að fá fram tillögu að lifandi hafnarhverfi með fjölbreyttri starfsemi í hjarta Akureyrar.

Leitað var eftir tillögu þar sem byggingar og almennarými hefðu aðdráttarafla fyrir bæjarbúa, ferðamenn og rekstraaðila á ýmsum sviðum. Tilgreint var að útirými mættu gjarnan gefa möguleika á viðburðum, s.s. útitónleikum, útimarkaði eða öðrum smærri uppákomum.

Skilafrestur tillagna var til 30. mars sl. og bárust sjö tillögur innan settra tímamarka.

Vinningstillagan fellur vel að nýju skipulagi miðbæjarins á Akureyri og ég er sannfærð um að hún muni í framtíðinni eiga ríkulegan þátt í að gera góðan bæ ennþá betri.

Ásthildur Sturludóttir,
bæjarstjóri á Akureyri

DÓMNEFND

Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri á Akureyri, formaður
Pétur Ólafsson, hafnarstjóri Hafnasamlags Norðurlands
Ágúst Hafsteinsson, arkitekt FAÍ
Árni Ólafsson, arkitekt FAÍ
Guðrún Ragna Yngvadóttir, arkitekt FAÍ

Ritari dómnefndar og trúnaðarmaður samkeppninnar var Sigríður María Róbertsdóttir frá Hafnarsamlagi Norðurlands.

NIÐURSTAÐA DÓMNEFNDAR

Sjö tillögur bárust og töldust þær allar uppfylla skilyrði samkeppnislýsingar. Dómnefnd mat tillögurnar með hliðsjón af áherslum, sem fram komu í lýsingu. Um er að ræða samkeppni um skipulag svæðisins og vega þættir eins og bæjarmynd, mælikvarði og þróunarhæfni þyngra en hönnun einstakra bygginga og útlit þeirra.

Allar tillögurnar fela í sér skýra hugmynd. Þær eru ólíkar og falla misvel að bæjarmynd, staðaranda og sjónarmiðum dómnefndar. Byggingarmagn var ekki tilgreint í keppnislýsingu og er í tillögunum frá 825 m² upp í um 7.800 m². Hæfilegt byggingarmagn virðist vera nokkurn veginn mitt þar á milli miðað við það samhengi útirýma, húsahæða og bæjarmyndar, sem lesa má úr tillögunum.

Niðurstaða dómnefndar:

Tillaga 296062 hlýtur fyrstu verðlaun.

Tillaga 781292 hlýtur önnur verðlaun.

Tillaga 111915 hlýtur þriðju verðlaun.

1. VERÐLAUN

TILLAGA AUÐKENND: nr. 296062

HÖFUNDAR: Arkþing

Helgi Már Hallgrímsson.

Meginatriði tillögunnar felst í fjölbreyttum útirýmum, sem mótuð eru með sjö byggingum, ólíkum að stærð og formi. Byggingarnar mynda húsaröð og aðdraganda að Hofi og er gönguleiðin að Hofi endurbætt á áhugaverðan hátt.

Ný byggð myndar fjölbreytta bæjarmynd séð frá Pollinum auk þess sem götumynd Glerárgötu er mótuð m.a. með útrýmum mót vestri. Þjónustuhúsi hafnarinnar er komið fyrir undir settröppum sem snúa að viðburðatorgi sem er vel mótað og er þar gert ráð fyrir tengingu við innirými syðstu húsanna. Rýmismyndun er fjölbreytt og áhugaverð.

Sérstaklega er unnið með tengsl við miðbæinn, annars vegar með porti við gatnamót Kaupvangsstrætis sem leggur áherslu á leiðina niður á bryggju og hins vegar með ákveðinni rýmismyndun og áfangastað við nyrðri tenginguna í framhaldi af nýju göturými vestan Glerárgötu.

Áfangaskipting er einföld. Sýnd eru ákveðin húsform með vísan í horfin hús við ströndina en með yfirbragði samtímabyggingarlistar. Meginatriði tillögunnar byggist þó frekar á staðsetningu og stærð bygginga en ekki á hönnun eða útliti einstakra húsa.

Í tillögunni felst hugmynd um ákveðna umhverfismótun með skýru samhengi bygginga og útirýma. Auðvelt er að þróa eða breyta einstökum þáttum tillögunnar án þess að víkja frá meginatriðum hennar. Mælikvarði byggðarinnar er hóflegur þrátt fyrir stórar byggingar syðst og myndar húsapýrpingin áhugaverða framhlið miðbæjarins auk þess sem hún fellur vel að smábátahöfninni og Hofi.



1. Verðlaun – Tillaga nr. 296062.

2. VERÐLAUN

TILLAGA AUÐKENND: nr. 781292

HÖFUNDAR: Mandaworks

Martin Arfalk, Cyril Pavlu, Leslie Norris, Lara Abi Saber, Valný Aðalsteinsdóttir, Qilin He og Yuan Lin.

Meginatriði tillögunnar felst í fjölbreyttum útirýmum, sem mótuð eru með átta byggingum, ólíkum að stærð og formi. Skipulag svæðisins gæti vírst handahófskennt en byggingunum er komið fyrir þannig að þær mynda fjölbreytt, markviss og nothæf útirými.

Skipulagshugmynd um „handahófskennda“ niðurröðun bygginga, nánast eins og teningakast, er þrátt fyrir allt skýr og einföld. Mælikvarði tillögunnar fellur vel að bæjarmynd Akureyrar og ásýnd miðbæjar og Hofs. Tillagan byggist á ákveðinni hönnun þar sem form bygginga og hlutverk þeirra eru meginatriði og er sveigjanleiki í notkun þeirra og útliti því minni en ella. Yfirbragð tillögunnar einkennist af ákveðnum léttleika. Gerð er grein fyrir rökréttri áfangaskiptingu. Tillagan fellur vel að meginmarkmiðum samkeppninnar en áhersla hennar er á byggingar umfram skipulag og rýmismyndun.



ALMENNINGSRÝMI SEM TENGIR AKUREYRI VIÐ SJÓINN, HOF, MIÐBÆINN OG TORFUNEF

2. Verðlaun – Tillaga nr. 781292.

3. VERÐLAUN

TILLAGA AUÐKENND: nr. 111915

HÖFUNDAR: Arkídea Arkitektar

Ragnar Ólafsson og Helgi Bergmann Sigurðsson.

Meginatriði tillögunnar er röð lágra og fjölbreyttra bygginga meðfram Glerárgötu, „húsafesti“. Austan hennar er afmarkað almannarými með skjólmyndun, setaðstöðu, sviði og þjónustuhúsi. Meginhugmyndin er skýr og einföld.

Húsaröðin myndar skemmtilegan aðdraganda að Hofi og einnig smágerða ásýnd á miðbæinn frá Pollinum þar sem ekki verður skyggt á stærri byggingar, sem munu koma vestan Glerárgötu. Götumynd Glerárgötu er mótuð sem rými en ekki er gert ráð fyrir að byggingarnar séu opnar að götunni.

Áfangaskipting er í sjálfu sér einföld en byggingarmagn er heldur lítið fyrir áfangaskiptingu og jafnvel of lítið fyrir þá starfsemi, sem vænta má að sækji á svæðið.

Skipulagshugmyndin fellur vel að bæjarmyndinni og augljóslega mætti þróa tillöguna áfram og bæta úr ágöllum hennar án þess að víkja frá meginhugmyndinni.



3. Verðlaun – Tillaga nr. 111915.

AÐRAR TILLÖGUR

TILLAGA AUÐKENND: nr. 111147

HÖFUNDAR: Zparchitekten

Tillagan felur í sér skýra og ákveðna meginhugmynd með tveimur byggingum, sem mynda horn sín í milli og skjólgott útirými að hafnarbakkanum. Einnig er gert ráð fyrir Wathneshúsi milli bygginganna tveggja og Hofs.

Meiri áhersla er á hönnun og útfærslu bygginganna en heildarskipulag svæðisins. Mælikvarðinn er hins vegar grófur og stærð og form húsanna keppir við Hof í bæjarmyndinni. Gert er ráð fyrir göngubrú yfir Glerárgötu að nýbyggingum vestan hennar en ekki er að öðru leyti unnið með tengsl svæðisins við miðbæinn. Wathneshúsið er án samhengis við aðrar byggingar eða bæjarmynd. Áfangaskipting er einföld með tveimur stórum áföngum auk Wathneshúss. Ekki er gerð fullnægjandi grein fyrir nýtingu opinna svæða annarra en þeirra, sem liggja að meginbyggingunum.

TILLAGA AUÐKENND: nr. 112854

HÖFUNDAR: Walter Hjaltested

Meginatriði tillögunnar er annars vegar röð sjö stórra „hafnarbúða“ eða „punkthúsa“ meðfram Glerárgötu og hins vegar einnar til tveggja hæða hafnarmiðstöð með fjölbreyttri starfsemi og aðkomusal, eins konar aðkomuhlið Akureyrar.

Milli hafnarbúða og hafnarmiðstöðvarinnar er göngugata sem er meginás um svæðið frá Hofi að Listagilinu. Göngugatan er skemmtileg og tengingin við Hof sterk. Verðbúðarstílinn gæti verið áhugaverður á hafnarsvæðinu en byggingarmagnið í tillögunni er heldur mikið. Húsin meðfram Glerárgötu eru há og lítið um sólrík útisvæði þótt margar virkar húshliðar séu heillandi fyrir fjölbreytta starfsemi. Of lítil áhersla er lögð á góð útisvæði. Hafnarmiðstöðin er of stór fyrir hafnarsvæðið og mælikvarði byggðarinnar í heild grófur.

TILLAGA AUÐKENND: nr. 314713**HÖFUNDAR: Efla**

Hugmyndin sem nefnd er „Kænugarður“ er einföld og skýr í eðli sínu en hún byggist upp á tveimur húsapyrpingum sem mynda torg. Nyrðra torgið er opið til vesturs að Glerárgötu og er rammað inn af Wathneshúsi sem hefur verið lyft upp á stall, nýja jarðhæð, og tveimur minni húsum sem mynda eins konar hlið frá Hofi yfir í Kænugarð. Syðra torgið er inngarður sem mótaður er með sex tveggja til þriggja hæða byggingum með háu risi.

Hugmyndin um að lyfta Wathneshúsinu upp á stall er skemmtileg. Vel er hugað að skjólríkum útisvæðum en byggingar vestan inngarðsins eru of háar. Skipulagið er skýrt og heillandi og myndi sóma sér vel í öðru umhverfi. Inngarðurinn lokaður með tilliti til sjávarsýnar. Byggingarmagn heldur mikið, byggðin er ekki lágreist eins og óskað var eftir og byggðamynstur með inngarði minnir einna helst á íbúðarbyggð, sem ekki er viðeigandi á þessum stað.

TILLAGA AUÐKENND: nr. 749328**HÖFUNDAR: Studio Heima og Hanna Kristín**

Tillagan felur í sér annars vegar eina meginbyggingu, hús fólksins, og hins vegar ákveðna landmótun með gróðurbeðum og göngusvæðum.

Hugmyndin er einföld og skýr en e.t.v. ekki viðeigandi á þessum stað og miðað við hlutverk svæðisins. Hús fólksins er skemmtileg hugmynd sem gæti mætt ákveðnum þörfum um almannarými innandyra á annan hátt en Hof og aðrar opinberar byggingar gera. Útfærslan er gróf og hefur ekki mikil tengsl við hafnarsvæðið. Hugmyndin um „planið“ virðist ekki vera í samhengi við síldarplanið sem væntanlega er vísað til. Áhersla á gróðursvæði með fjörugróðri er yfirgnæfandi og í sjálfu sér áhugaverð – þótt hún væri líklega heppilegri í öðru samhengi.